

## Samningur um framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga kt. 700573-0799 og Vestfjarðastofa kt. 580518-1170, gera hér með sér samning um framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða.

1. gr.

Markmið samningsins er að formgera samþættingu Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu.

2. gr.

Vestfjarðastofa skuldbindur sig til að fylgja eftir samningi FV um Sóknaráætlun og annast umsýslu allra verkefna sem honum tengjast.

Með samningi þessum tekur Vestfjarðastofa að sér ábyrgð og umsýslu Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga þar með talið skilgreiningar og úrvinnslu áhersluverkefna, alla umsýslu uppbyggingasjóðs, skýrslugerð vegna verkefnisins til stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál. Að auki annast Vestfjarðastofa gerð greiðslubeiðna vegna verkefnisins.

3. gr.

Stefnumótun vegna Sóknaráætlunar verði unnin af fulltrúaráði og starfsmönnum Vestfjarðastofu og lögð fyrir Fjórðungsþing Vestfirðinga árlega til umfjöllunar og samþykktar.

4. gr.

Greiðslur vegna Sóknaráætlunar verða innheimtar í nafni Fjórðungssambands Vestfirðinga og sömu upphæðir verða millifærðar inn á reikning Vestfjarðastofu þegar greiðslur berast.

5. gr.

Skilað verður árlegum skýrslum til stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál vegna framvindu og þær lagðar fyrir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga til umfjöllunar.

6. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn með eins árs uppsagnarfresti beggja aðila sem tekur gildi um næstu áramót eftir að samningi hefur verið sagt upp.

Ísafirði xx.xx.2018

---

---